

3. maí 2011

Stjórn Lagastofnunar Háskóla Íslands samþykkir:

1. Að beiðnir um atbeina Lagastofnunar við lögfræðilegar álitssgerðir og sambærileg, fagleg viðfangsefni fyrir aðila utan stofnunarinnar skuli sæta sameiginlegum meðförum forstöðumanns og stjórnarformanns, sem ákveða í sameiningu hvernig brugðist verði við þeim beiðnum, þ.á m. hvaða fagmenn skuli fengnir til að vinna að hlutaðeigandi verkefnum.
2. Að þegar um mjög vandasöm og flókin verkefni er að ræða skuli þau jafnframt borin undir stjórn stofnunarinnar, sem og önnur verkefni ef forstöðumanni og stjórnarformanni þykir ástæða til.
3. Að ákvarðanir um atbeina Lagastofnunar að einstökum verkefnum, sem beðið hefur verið um, séu ætíð kynntar stjórnarmönnum með rafbréfum, hafi ekki þegar verið fjallað endanlega um hlutaðeigandi verkefni á stjórnarfundum.
4. Að þess sé ætíð gætt, einkum sé um viðamikil verkefni að ræða, að fleiri fagmenn en einn komi að viðfangsefnunum, m.a. á þann veg að tryggt sé að fagmenn, innan eða utan lagadeildar Háskóla Íslands, lesi yfir og bæti eftir föngum það efni, sem fram kemur frá frumsemjanda/aðalsemjanda álitssgerðar eða sambærilegs skjals, en einnig að frumsemjendur/aðalsemjendur séu að jafnaði fleiri en einn, sé þess nokkur kostur.
5. Að þess sé ætíð gætt, að kostnaður við álitssgerðir og sambærileg viðfangsefni sé tryggilega bókfærður, sundurgreindur og „gegnsær“, enda sé stjórnarmönnum gerð grein fyrir honum.
6. Að stjórnin semji svo fljótt sem við verður komið ýtarlegri vinnulagsreglur um samningu lögfræðilegra álitssgerða og skyldra eða sambærilegra viðfangsefna, sem lagastofnun tekur að sér.